

**Nd.**

### **387. Nefndarálit**

um till. til þál. um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegargerð.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til umsagnar vegamálastjóra, og er álit hans prentað hér á eftir sem fylgiskjal. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. október 1944.

Gísli Sveinsson, form.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Barði Guðmundsson.	

#### Fylgiskjal.

**VEGAMÁLASTJÓRINN**

Reykjavík, 3. október 1944.

#### **Vegarstæði að Ögri í N.-Ísafjarðarsýslu.**

Með bréfi, dags. 20. f. m., sendi háttvirt samgöngumálanefnd mér til umsagnar tillögu á þskj. 282 um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegargerð.

Leið þessi er öll, að heita má, sýsluvegur. Fyrir nokkrum árum fór umsjónarverkstjóri okkar einn þar um og leiðbeindi um endurbætur, en þær hafa þó verið gerðar mjög litlar fram að þessu. Vegarlengd er nær 50 km, og vil ég gjarnan láta ákveða vegarstæðið og gera yfirlit yfir kostnað. Ég vil þó vekja athygli á, að mikið liggur fyrir af slíkum rannsóknum vegarstæða, sem tekið er fyrir, eftir því sem starfskraftar eru fyrir hendi, en vegna skorts á þeim verður ekki alltaf komið yfir að afgreiða slík mál eins fljótt og æskilegt væri.

Virðingarfyllt,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.